

## GJALDSKRÁ

**fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.**

### 1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur og auk þess er:

|                                                      |       |
|------------------------------------------------------|-------|
|                                                      | kr.   |
| gjald á sædda kú í skýrsluhaldi:                     | 800   |
| gjald á sædda kú utan skýrsluhalds:                  | 1.600 |
| gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla: | 3.800 |
| viðbótargjald á holdnautasæðingu:                    | 700   |

### 2. gr.

Sérhæfð þjónusta:

|                                                                                                                                                                                           |       |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------|
| ómsjármælingar og stigun á sauðfé og skoðun á sláturhæfni nautgripa, tímagjald pr. mann:                                                                                                  | 1.500 |
| ýmiss konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta við einstaklinga, s.s. áætlanagerðir, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni sem falla undir lögin, tímagjald pr. mann: | 2.500 |

### 3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjalddöku skv. 1. og 2. gr.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

Nr. 540

2. júlí 2001

## REGLUGERÐ

**um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.**

*Gildissvið.*

### 1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2003.

*Skilyrði fyrir endurgreiðslu.*

## 2. gr.

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við hópferðabifreiðir, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003 og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum. Með hópferðabifreið er átt við ökutæki sem aðallega er ætlað til fólksflutninga og skráð er fyrir 18 menn eða fleiri að meðtöldum öku-  
manni. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.

*Endurgreiðslubeiðni.*

## 3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjórans í Reykjavík á sérstökum eyðublöðum í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Með umsókn skulu fylgja gögn sem sýni fram á að krafa 2. gr. reglugerðar þessarar um aflvél samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sé uppfyllt.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur af kaupverði kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Þegar um leigu er að ræða skal afrit af leigusamningi fylgja með umsókn. Jafnframt skulu fylgja frumrit sölureikninga þar sem virðisaukaskattur af leigugjaldi kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Sölureikningar skulu uppfylla form- og efniskröfur skv. II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

*Afgreiðsla á umsóknum.*

## 4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Hann skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur í því sambandi krafð umsækjanda og viðsemjanda hans nánari skýringa á viðskiptunum.

Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

## 5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*